

Tilnefning til nýsköpunarverðlauna í opinberum rekstri 2015

Geðheilsustöð Breiðholts

Samþætt þjónusta Heimaþjónustu Reykjavíkur og Þjónustumiðstöðvar Breiðholts

Útdráttur

Geðheilsustöð Breiðholts er þróunarverkefni að frumkvæði geðteymis heimahjúkrunar. Tilgangur verkefnis er að samþætta þjónustu sem geðteymi veitir með heimavitjunum, við félagslega þjónustu sem veitt er frá Þjónustumiðstöð Breiðholts með það að markmið að bæta og efla þjónustu sem veitt er í nærumhverfi til þeirra einstaklinga sem eiga við geðsjúkdóma að stríða.

Stofnun:	Heimaþjónusta Reykjavíkur- geðteymi-
Starfsmenn:	8
Heyrir undir:	Velferðarsvið Reykjavíkur,
Tengiliður verkefnis:	Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri þjónustu heima. Velferðarsvið Rvk
Tölvupóstur:	berglind.magnusdottir@reykjavik.is

Hver var hvatinn að verkefninu?

Talsverðar breytingar hafa orðið síðustu ár í þjónustu við einstaklinga með geðsjúkdóma og hugmyndafræði um virkni, meiri samvinnu og nærþjónustu rutt sér rúms. Til að mæta geðþjónustu í samfélaginu hafa verið stofnuð nokkur samfélagsgeðteymi. Má þar nefna *geðteymi* Heimaþjónustu Reykjavíkur (HþR) sem var stofnað fyrir 10 árum og þjónustar einstaklinga 18 ára og eldri sem eru með geðsjúkdóma. *Samfélagsgeðteymið* sem er á vegum geðsviðs Landspítalans og þjónustar einstaklinga með geðrofssjúkdóma. *Vettvangsgeðteymið* sem er samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar og geðsviðs Landspítalans og styður við íbúðarkjarna fyrir geðfatlaða. Á vegum heilsugæslunnar er *iðjupjálfun geðheilsa eftirfylgd* sem sinnir einstaklingum með geðsjúkdóma.

Þessi úrræði eru öll mjög vel skilgreind þó um ákveðna skörun sé að ræða en ekkert þeirra er með skilgreinda samvinnu við félagsþjónustu. Til að samfélagsgeðþjónusta virki sem best þá krefst hún samvinnu heilbrigðis- og félagskerfis. Því þótti tímabært að færa þjónustu geðteymis HþR enn frekar út í nærumhverfið til að bjóða upp á öflugri þverfaglegri vinnu og til að þetta þjónustunet. Einn liður í þessu var að sérhæfa geðteymi HþR en frekar, bæði hvað fagfólk

og þjónustusvæði varðar og jafnframt að auka samstarf þess við önnur úrræði í nærumhverfi með skilgreindum hætti.

Lagt var til að Breiðholt yrði það þjónustusvæði þar sem byrjað væri á að þróa þéttara samstarf fagaðila. Rökin fyrir því vali voru;

- ✓ Verulega þörf var á auknum stuðningi á því þjónustusvæði en tölulegar upplýsingar frá geðsviði Landspítalans sýndu að íbúar í pósthúsi 109 og 111 voru hlutfallslega stór hluti þeirra sem leggjast inn á bráðageðdeildir LSH eða 12,4%, sé tekið mið af öðrum borgarhverfum.
- ✓ Á vegum Þjónustumiðstöðvar Breiðholts er í gangi verkefni sem miðar að því að efla virkni og félagslega þátttöku íbúa með geðraskanir.
- ✓ Góð samvinna var þegar milli geðteymis og þjónustumiðstöðvar Breiðholts ásamt því að geðteymið er staðsett í Breiðholti.

Auk þjónustumiðstöðvarinnar var horft til þess að reyna að koma á þverfaglegu samstarfi við heilsugæslustöðvar í Breiðholti. Með slíku markvissu og skilgreindu samstarfi aðila í Breiðholti væri betur unnt að halda utan um allar þarfir einstaklingsins og fjölskyldu hans hvað varðar geðheilsu og sameina krafta þeirra fagstétta sem við á hverju sinni. Slíkt skilgreint samstarf ætti að skila sér í heildrænni þjónustu með áherslu á nærþjónustu. Auk þess yrði betri nýting á starfsfólki í ljósi nálægðar við skjólstæðingahóp og minni kostnaður vegna akstur milli heimila og vinnustaðar.

Markmiðið með þróunarverkefni geðteymisins, er því að bæta og efla þjónustu við þessa íbúa með þverfaglegri þekkingu í nærumhverfi.

Hvernig var verkefninu hrint í framkvæmd?

Byrjað var á að skilgreina markhópin; sá markhópur sem geðteymið mun sérstaklega sinna með aukinni samvinnu við þjónustumiðstöð eru, íbúar í Breiðholti, 18 ára og eldri með geðsjúkdóma, sem þurfa samfellda þjónustu og stuðning með heimavitjunum. Auk þess einstaklingar með geðraskanir

og fjölskyldur þeirra sem þurfa á ráðgjöf og fræðslu að halda, og starfsfólk þjónustumiðstöðva sem þurfa á ráðgjöf að halda varðandi málaflokkinn.

Tímalengd verkefnisins ákveðin; ákveðið var að um 3 ára tilraunarverkefni væri að ræða. Að þeim tíma liðnum væri tekin afstaða til verkefnisins m.t.t árangurs og yfirfærslu verkefnisins á önnur hverfi Reykjavíkur.

Þjónustusvæðið skilgreint; fyrir utan að vinna að samþættri þjónustu í Breiðholti mun geðteymið áfram þjónusta íbúa í Grafarvogi, Grafarholti og Árbæ. Er það gert í ljósi þess að ekki er hægt að skera meira niður geðþjónustu tímabundið í Reykjavík en nemur öðrum þjónustusvæðum.

Skoðað var verklag geðteymis og lagt til að það tæki mið af eftirfarandi atriðum;

- Heimaþjónusta til skjólstæðinga með geðsjúkdóma samkvæmt verklagsreglum geðteymis.
- Opin gátt fyrir íbúa Breiðholts í símatíma á fyrirfram auglýstum tímum; veitt ráðgjöf, upplýsingar og vísað á viðeigandi úrræði í samfélaginu eftir því sem við á.
- Úrvinnsla og mat um að veita stutta sérfræðiráðgjöf innan miðstöðvarinnar með viðtölum, hvort vísa eigi í þjónustu geðteymisins eða hvort vísa eigi í aðra þjónustu.
- Fræðsla um geðsjúkdóma og annað tengt efni til notenda og fjölskyldna þeirra.
- Fjölskylduvinna (viðtöl) til notenda þjónustunnar.
- Stofnun notendahópa.

Skipað var í stýrihóp; í stýrihópnum sitja framkvæmdastjóri geðsviðs LSH, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, forstöðumaður Heimaþjónustu Reykjavíkur, verkefnastjóri hjá Landlæknisembætti ásamt verkefnastjóra geðteymisins. Stýrihópurinn ber ábyrgð

á undirbúningi og framkvæmd og verkefni og fær til samþykktar vinnulag og verkferla. Stýrihópurinn fylgist með nýtingu á þjónustuúrræðum, hefur yfirlit yfir þörf fyrir þjónustu þess, kemur með tillögu að mati á verkefni og annað sem skiptir máli.

Starfshópur geðteymis styrktur; ráðinn var inn iðjuþjálfari og sálfræðingur og keypt þjónusta geðlæknis frá LSh. Aukið aðgengi að félagsráðgjöfum og öðru fagfólki frá Þjónustumiðstöð Breiðholts.

Hópur starfsfólks geðteymisins og þjónustumiðstöðvarinnar lagði sitt af mörkum við að hrinda verkefninu úr vör. Meðal annars með því að koma á framfæri athugasemdum og hugmyndum að verkefninu. Farið var yfir verkferla geðteymisins og unnið að breytingu á umsóknareyðublaði geðteymisins þannig að það samræmist kröfum beggja stofnanna.

Stofnað var inntökuteymi Geðheilsustöðvar Breiðholts; inntökuteymið fer yfir sameiginlegar umsóknir ásamt því að fjalla um sameiginleg mál. Ákveðið var að í inntökuteyminu væru 2 fulltrúar frá Þjónustumiðstöð Breiðholts og 2 fulltrúar frá geðteyminu. Annað starfsfólk geðteymisins sat fundina eftir málum hverju sinni.

Þjónustuþegar geðteymis; ákveðið var að þeir þjónustuþegar sem væru með þjónustu frá geðteyminu þegar geðheilsustöðin væri stofnuð yrðu áfram með þjónustu. Um væri að ræða svokallað sólarlagsákvæði, þannig að þeir héldu þjónustunni þar til hægt væri að útskrifa þá í önnur úrræði.

Kynningar; farið var af stað með kynningar fyrir hinar ýmsu stofnanir og samtök um starfsemi geðheilsustöðvarinnar.

Árangursmat; verður gert með því að meta innlagnafjölda á geðsvið landspítalans og gerð skýrsla sem lýsir ferlinu og hvort markmiðum með stofnun geðheilsustöðvarinnar hafi verið náð.

Hver var ávinningur verkefnisins fyrir notendur og stofnunina/ sveitarfélagið? Hversu víðtæk áhrif hafði nýsköpunin?

Ljóst er að ekki verður í einu þrepi stigið skref í stofnun slíkrar miðstöðvar en með stofnun geðheilsustöðvarinnar er reynt að auðvelda tilkomu slíks úrræðis í framtíðinni. Í fyrstu fyrir Breiðholt og seinna fyrir önnur hverfi Reykjavíkur. Verkefninu lýkur ekki formlega fyrr en í maí 2015 og verður það þá metið m.t.t árangurs varðandi fækkun á innlögnum á geðsvið Landspítalans. Nú þegar er ljóst að um færri innlagnir er að ræða frá íbúum í Breiðholt á geðsvið Landspítalans, eða 28% færri innlangir frá því að geðheilsustöðin var stofnuð, samkvæmt bráðabirgða úttekt sem gerð var í janúar 2014. Ekki var veitt viðbótarfjármagn í þessa nýsköpun heldur voru gerðar breytingar á skipulagi starfsmannamála og unnið að skilgreindara samstarfi milli Þjónustumiðstöðvar og geðteymis.